

5. gr.

Styrk úr sjóðnum skal aðeins veita manni eða mönnum, sem hafa kynnt sér rækilega samningu bóka ofangreindra tegunda erlendis og eru óumdeildanlega verkinu vaxnir að því er snerlir þekkingu, verk hæfni og innræti. Heimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins eftir því sem þurfa þykir til að tilgangi hans verði náð sbr. 3. gr.

6. gr.

Gera skal reikninga sjóðsins ár hvert og skulu niðurstöður þeirra birtast í árbók Háskólans. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og reikningar annarra háskólasjóða.

7. gr.

Sjóðinn skal svo sem unnt er varðveita í fasteignum eða öðrum verðmætum, sem halda gildi sínu á svipaðan hátt.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðar prentuð í B-deild Stjórnartíðinda og Árbók Háskólans.

AUGLÝSING

um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

Tollverð notaðra bifreiða, sem keyptar eru til landsins, skal fundið skv. meginreglum 5.—7. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., sbr. einkum 2. mgr. 7. gr. Nú er hið umsamda kaupverð lægra en matsverð skv. 2. gr. auglýsingar þessarar, skal þá leggja það verð til grundvallar, sem hærra er.

2. gr.

Að öðru leyti hefur ráðuneytið ákveðið að nota heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til þess að setja svofelldar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs:

1. Fob-verð notaðrar bifreiðar skal fundið á þann hátt, að til grundvallar sé lagt fob-verð nýrrar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund, en nýjustu árgerð, eins og það er á komudegi þess farartækis, sem flytur notuðu bifreiðina til landsins, að frádregnum þeim hundradshluta, fyrir hvert ár af aldri bifreiðarinnar, sem hér segir:

0—1 ár	0%
1—2 ár	25%
2—3 ár	35%
3 ár og eldri	45%

2. Nú hefur maður, er flytur búferlum til landsins, bifreið með sér frá útlöndum og bifreiðin er eldri en 4 ára og hefur verið í eigu þess manns í a. m. k. full 2 ár, og má þá halda áfram að fyrna bifreiðina umfram það, sem getur í 1. lið um allt að 10% á ári frá 4 ára aldri, þó skal aldrei farið niður fyrir 10% af verði því, sem til grundvallar er lagt í tl. 1.
3. Aldur bifreiðar reiknast frá þeim degi, sem hún var tekin í notkun. Liggi ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um það, hvenær bifreiðin var tekin í notkun, skal

miða fyrningu við 1. júlí það ár, sem gerð bifreiðarinnar er kennd við, eða framleiðsluárið, ef árgerð helzt óbreytt tvö ár eða fleiri.

Verð bifreiðar miðast við aldur hennar á komudegi þess farartækis, sem bifreiðina flytur til landsins.

Bifreið erlends sendiráðs eða sendiráðsstarfsmanns, sem seld er hérlandis, en hefur verið flutt inn samkv. 8. tölulið 2. gr. tollskrárlaga, fynnist samkv. 1. lið, en skoðast flutt til landsins á söludegi.

4. Við ákvörðun fob-verðs notaðra bifreiða samkv. 1. lið skal hvorki taka tillit til útlits né ástands þeirra.
5. Matsregla sú, sem fram kemur í 1. lið er bindandi og er ekki hægt að krefjast yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða, til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. desember 1970 og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 129/1969 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1970.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Borgarness, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. nóvember 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ um Menningarsjóð Borgarness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Borgarness.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 22. marz 1967, í tilefni af 100 ára verzlunarafmæli Borgarness.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er þessi:

- a. Að styrkja efnilegt námsfólk úr Borgarnesi til framhaldsnáms innanlands eða utanlands í hugvísindum eða raunvísindum.
- b. Að búa Dvalarheimili fyrir aldrað fólk í Borgarnesi svo úr garði, að það uni dvöl sinni þar sem bezt.
- c. Að stuðla að kaupum á listaverkum, þegar safnabús verður reist hér í bæ.